

í málskostnað fyrir undirrétti og 30 kr í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 19. maí 1919.

Nr. 59/1918:

H. Debell Jón Laxdal og
Loftur Loftsson
gegn
Th. Thorsteinsson.

D ó m u r :

Mál þetta höfðuðu áryjendurnir, H. Debell framkvæmdarstjóri, Jón Laxdal stórkaupmaður og Loftur Loftsson útgerðarmaður á bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda Th. Thorsteinson kaupmanni til að fá hann dæmdan til að greiða þeim kr. 13941. 10 með 6% ársvöxtum í skadabætur fyrir sammingsrof, svo og málskostnað, en stefndi krafðist hins vegar sýkunar af þessum kröfum og hóf jafnframt gagnsök á hendur þeim Debell til endurgreiðslu á 5000 kr., er hann hefði ofgreitt þeim með 5 % vöxtum og málskostnaði. Var málinu ráðið til lykta á bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 1. ág. f.á., á þá leið að stefndi skyldi í aðalmálinu greiða áfrýjendum kr. 121.10 með 6%

árvöxtum frá 22. marz 1917 til greiðsludags, en í gagnsökinni skyldu áfrýjendur greiða stefnda kr. 5000.00 með 5% árvöxtum frá 24. apríl 1917 til greiðsludags og að málskostnaður í aðalsök og gagnsök skyldi falla niður.

Þessum dómi hafa áfrýjendur skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 17. okt. f.á. Eru kröfur þeirra hér fyrir réttinum hinar sömu og fyrir bæjarþinginu og auk þess krefjast þeir málskostnaðar fyrir yfirdómi. Stefndi krefst hins vegar staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Tildrög málsins eru þau, að í júnimánuði 1916 gjörðu málsaðilar samning þess efnis, að Jón Laxdal og H. Debell, eigendur vélbátsins »Hildur« og Loftur Loftsson, eigandi vélbátsins »Kjartan Ólafsson« lofuðu að selja og Th. Thorsteinsson að kaupa af þeim allan væntanlegan sildarafla af nefndum bátum næstu sildarvertíð á norðurlandi, fyrir 26 kr. hvert sildarmál af óskemdri sild og úrgangssild fyrir sama verð og greitt væri af sildarolíuverksmiðjunní í Krossanesi. Sildina átti að afhenda við bryggju kaupanda á Hjalteyri og hann átti að láta afgreiða bátana tafarlaust, eða svo fljótt sem hægt væri, nóttum og helgum dögum eftir því sem þörf krefði; ef kaupandi æskti þess, átti að strá salti í sildina í bátunum, átti hann að leggja til saltið, en ábtarnir flytja það ókeypis norður, ef rúm leyfði

Annar báturinn, sem nefndur er í samningnum, Hildur, var eigi til taks þegar vertíð byrjaði, og létu áfrýjendur annan minni bát »May« fara í hans stað

norður til veiðanna. Alla þá síld, sem bátar áfrýjenda veiddu og stefndi veitti móttöku um sumarið, hefir hann greitt þeim umsömdu verði með kr.32883.00 og auk þess 5000 kr, er hann greiddi þeim af vangá. En áfrýjendur halda því fram, að hann hafi vanhaldið samninginn við þá í ýmsum greinum, og eigi að greiða þeim skaðabætur fyrir samtals kr. 18941.10, eða að frádregnum fyrgreindum 5000 kr. 13941.10. Af síðast efndri upphæð tók héraðsdómariinn til greina kr. 121.10. og koma þá, eins og málið liggur fyrir yfirdóminum aðeins til álita kr. 13820.00. Fyrir þessari upphæð hafa áfrýjendur gjört grein sem hér segir:

1, misrunur á verði á 51 síldarmálum	kr. 1020,00
2, greitt fyrir salt	— 1160,00
3, fyrir tafir bátanna og aflatjón vegna ófullnægjandi afgreiðslu og fyrir neitun um að taka á móti síld úr May eftir júlímánaðarlok	— 16640,00
	kr. 18820,00
	÷ — 5000 00
	= kr. 13820 00

Um 1. kröfuliðinn skýra áfrýjendur svo frá, að 30. eða 31. júlí hafi bátar þeirra komið til Hjalteyrar með 51 mál síldar, er bryggjuformaður stefnda hafi neitað að taka við, og með því að síld þessi hafi eigi orðið seld þar á staðnum, hafi umboðsmaður þeirra neyðst til að senda May með hana til Siglufjarðar og selja hana þar fyrir 6 kr. málið, og hafi þá tapið

á þessari sildarsölu orðið 20 × 51 kr. = 1020 kr., þar sem stefndi átti að greiða 26 kr. fyrir hvert mál

Stefndi lýsir það ósatt, að bryggjuformaður sinn á Hjalteyri hafi neitað að taka við sild þessari, en þótt svo væri, hefði það verið réttmætt, með því að sildin sé sögð hafa verið úr »May« og stefnda hafi verið óskilyt að taka sild úr þeim bát. Og þó að bryggjuformaðurinn hefði ranglega vísað sildinni frá hafi áfrýjendur glatað rétti til bóta fyrir það með því að láta flytja hana til Siglufjarðar og selja þar eftir að hún var orðin skemd, í stað þess að selja hana á Hjalteyri, þar sem nógir kaupendur hefðu getað fengist að henni.

Það er eigi vefengt að áfrýjendur hafi látið flytja 51 mál sildar frá Hjalteyri til Siglufjarðar, en þó að það sé ósennilegt að áfrýjendur hefðu látið gjöra þetta, ef stefndi hefði viljað taka við þessari sild á Hjalteyri eða aðrir kaupendur fengist þar að henni, þá verður það þó eigi talið sannað gegn ákveðnum mótmælum stefnda, að menn hans hafi neitað að taka við sildinni og er þá eigi heimild til að dæma hann til að greiða áfrýjendum umgetinn verðmun.

Áfrýjendur halda því fram, að stefndi hafi um leið og samningurinn var gjörður lofað að borga salt það, er bátarnir notuðu í sildina, en í samningnum er þetta orðað svo, að stefndi skyldi því að eins borga þetta salt, að hann óskaði að því væri stráð á sildina. En stefndi neitar því að hann hafi látið uppi neina ósk um þetta eða að hafa heitið neinni borgun

í því skyui, og með því að þeirri neitun hans er eigi hnekkt, verður hann eigi dæmdur til að greiða áfrýjendum upphæð þá, kr. 1160.00, fyrir salt, er ræðir um við þennan kröfulið.

Í reikningi áfrýjenda er stærsti liðurinn skaðabótakrafa fyrir aflatjón, er bátarnir hafi orðið fyrir af völdum stefnda eða fyrir sammingsrof hans. Þeir halda því fram, að afgreiðsla bátanna hafi yfirleitt verið óforsvaranlega sein, svo að þeir hafi fyrir þá sök tafist frá veiðum 64 kl. stundir eða c. $2\frac{1}{2}$ sólarhring, að bátunum hafi verið neitað um afgreiðslu á sunnudögum og hafi það enn tafið þá um 2 sólarhringa. Telst áfrýjendum svo til, að bátarnir hafi að jafnaði aflað c. 100 mál á sólarhring og áætla eftir því að aflatjónið fyrir þessar tafir hafi numið c. 400 málum. Ennfremur staðhæfa áfrýjendur að stefndi hafi neitað að taka við afla úr May eftir júlímánadarlok; eftir það telja þeir að hinn báturinn, meðan hann var að veiðum hafi aflað 1083 tonnur síldar, og ætlast á um að aflinn hafi orðið c. $\frac{1}{3}$ hluta eða 360 tonn. = 240 málum minni en hann hefði orðið, ef bátarnir hefðu báðir verið að veiðum saman. Reiknast þeim þannig aflatjónið $400 + 240 = 640$ mál á 26 kr. eða kr. 16640,00.

Um afgreiðslu batanna hafa 5 vitni, sk pstjórinn á Kjartani Ólafssyni og 4 hásetar af bátnum borið það, að hún hafi alls yfir verið mjög seinnlát og gengið stíðlega, svo að bátarnir hafi fyrir þá sök tafist mjög frá veiðum, og nótaformaðurinn á öðrum vjelbátnum hefur vottað, að afgreiðslan hafi verið

afarill og sein og stafað af fólksleysi stefnda á Hjalteyri; ætla vitnin, að bátarnir hafi við þetta tafist um $2\frac{1}{2}$ sólarhring eins og áfrýjendur halda fram.

Stefndi neitar því hins vegar, að afgreiðsla bátanna hafi verið óvenjulega sein eða óforsvaranleg, og staðhæflr að útgerðarstöð hans á Hjalteyri hafi verið fyllilega eins vel mönnuð og vel úr garði gjörð eins og venja er um slíkar stöðvar og afgreiðsla sildarskipanna fullt eins greiðleg eins og venjulegt sé á sildarstöðvum; hefir hann lagt fram vottorð frá yfirsíðarmatsmanni á Hjalteyri þess efnis að bátar áfrýjenda hafi verið afgreiddir svo fljótt sem hægt var, og eigi verið látnir sitja á hak num fyrir öðrum skipum, en afgreiðsla þeirra verið sæmileg eftir kringumstæðum. Þá hafa og skipstjórinn og einn háseti á May vottað að öll þau skifti, sem sá bátur lagði upp sild á Hjalteyri, hafi hann verið afgreiddur svo fljótt sem hægt var og menn úr landi jafnvel lánaðir formanni til aðstoðar. Við ofangreinda vitnsburði er það að athuga að útdráttur úr dagbók bátsins Kjartan Ólafsson, sem áfrýjendur hafa lagt fram, ber það eigi með sér, að bátarnir hafi sætt töfum við afgreiðsluna, því að þar er eigi tilgreind kl.stund, er bátarnir komu og fóru frá Hjalteyri í hvert skifti. Það sést og eigi heldur af útdrættinum eða símskeytum þeim, sem fóru á milli málsaðila að kvartað hafi verið yfir seinni afgreiðslu bátanna. Sýnir þetta að afgreiðslan hefir þó eigi tafist svo, að skipstjóranum á Kjartani Ólafssyni hafi þótt ástæða til að geta um það í dagbókinni eða áfrýjendum að bera sig upp um það við

stefnda. Áætlun sína um að bátarnir hafi tafist $2\frac{1}{2}$ sólarhring vegna seinrar afgreiðslu tjá vitnin sig gjöra með hlidsjón af dagbók bátsins, en eins og áður er vikið að, verður þetta eigi séð af dagbókarútdrættinum, og skýrsla vitnanna er eigi heldur að öðru leyti í samræmi við hann. Þannig segja vitnin að meðalafli bátanna hafi verið hér um bil 100 mál á sólarhring til 9. ágúst, en þá hafi veiðarnar í raun og veru hætt. En útdrátturinn sýnir að veiðin var stunduð frá 22. júlí til 19. ágúst og að alls aflaðist á þeim tíma 1301 mál, þar af 1161 mál til 9. ág. Þar sem eigi er með þessum vitnaskýrslum neitt sannað um það, hvenær eða hve lengi bátarnir hafa tafist, þá virðist framburður vitnanna um að afgreiðslan hafi verið mjög sein og gengið stíðlega vera svo óákveðin að eigi verði eftir honum farið.

Í samningnum er áskilið, að bátarnir skuli afgreiddir tafarlaust eða svo fljótt sem hægt er. Það hefur nú eigi gegn mótmælum stefnda verið sýnt fram á það, eða leidd rök að því að hægt hafi verið að flýta afgreiðslunni meir en gjört var, og að eigi hafi orðið verulegur dráttur á henni, virðist mega ráða af því að af öllum afla bátanna voru að eins 47 mál úrgangssíld, því að ætla verður að meira hefði spillt af síldinni, ef bátarnir hefðu orðið að biða lengi eftir afgreiðslu.

Það þykir eftir þessu eigi vera nægilega sannað að stefndi hafi vanhaldið samninginn með of seinni afgreiðslu bátanna svo að það eigi að varða hann skaðabótum til áfrýjenda.

Þá hafa áfrýjendur haldið því fram, að bryggju-

formaður stefnda á Hjalteyri hafi neitað að afgreiða bátana á sunnudögum, svo að fyrir þá sök hafi bátarnir eigi mátt stunda veiðar um helgar til að koma eigi inn með gamla sild á mánudögum. Þetta telja áfrýjendur og fýrgreind vitni hafa tafið bátana samtals 2 sólarhringa frá veiðum. Eitt vitni hefir borið að það hafi h-yrt bryggjuformanninn neita afgreiðs u á sunnudögum, annað vitni að það hafi heyrt umboðsmann stefnda á sildarstöðinni neita hinu sama og 3 vitni hafa þetta eftir umboðsmanni áfrýjenda við sildveiðarnar. Fýrgreindur dagbókarútdráttur sýnir að áætlun vitnanna um 2ja sólarhringa aflatjón fyrir áminsta neitun er gjörð af handa hófi. Stefndi neitar því að menn sínir hafi skorast undan að afgreiða á sunnudögum og bendir réttilega á það, að útdrátturinn beri með sér, að bátarnir hafi verið á veiðum um helgar þegar veður leyfði, og að um þá einu helgi á veiditímanum, sem þeir veiddu nokkuð hafi þeir farið með veiðina inn á Hjalteyri á sunnudag og fengið afgreiðslu hjá stefnda, enda heldur hann því fram, að bryggjuformaðurinn hefði eigi verið bær um að neita afgreiðslu, og ef komið hefði fyrir að hann hefði gjört það hefðu áfrýjendur átt að snúa sér til umboðsmanns stefnda á Hjalteyri, en það hafi þeir ekki gjört. Það verður því eigi séð, að stefndi hafi í þessu atriði brotið á móti samningnum, eða, þótt svo væri, að neitt tjón hefði hlotist af því fyrir áfrýjendur.

Enn telja áfrýjeudur að stefndi hafi rofið samninginn með því að neita að taka á móti sild úr »May«

frá júlímánadarlokum, og hafi því sá bátur þá verið látinn hætta sildveiðum. Þennan bát sendu áfrýjendur, sem fyr getur, til veiðanna í staðinn fyrir bátinn »Hildi« sem nefndur er í samningnum. Lét stefndi þetta viðgangast óátalið og tók á móti aflanum úr «May» mótmælalaust þangað til 2. ágúst 1916, og verður að líta svo á, að hann með þessu hafi samþykkt að »May« kæmi í staðinn fyrir »Hildi« allan veiðitímann. En nefndan dag símaði hann áfrýjendum að úr því að júlímánudur væri liðinn, sæi hann sér eigi fært að taka sildarafla af May, sem aðeins hafi verið tekinn til bráðabyrgða, og muni þar eftir aðeins taka við afla, er sannanlega hafi verið veiddur af Kjartani Ólafssyni einum. Áfrýjendur mótmæltu þessu samdægurs og eftir nokkrar skeytasendingar milli þeirra og stefnda sendu þeir honum svolátandi símskeyti: Höldum fast við gjörða samninga. Látum báða bátana Kjartan Ólafsson og May halda áfram sildveiðum. Höfum fengið tvo menn útnefnda af bæjarfógeta Akureyrar, sem eiga að vitna um afla bátsins og að síldin sé boðin yður áður en hún verður seld öðrum fyrir reikning yðar á Hjalteyri eða fleygt í sjóinn fyrir yðar reikning«. Í þessum og öðrum skeytum, sem fóru á milli málsaðila frá 2.—10. ág. deildu þeir um það, hvort stefnda væri skylt að taka viðsíld úr May eftir 1. ágúst, en það virðist eigi hafa komið til þess, að menn stefnda á Hjalteyri visuðu á bug síld úr þessum bát eftir nefndan dag, enda gat það eigi komið fyrir eftir framburði áfrýjenda um að báturinn hafi verið látinn hætta veiðum frá þeim degi vegna neitunar

stefnda um að taka við afla hans. Það eru þó komnar fram upplýsingar í málinu um að báturinn hafi verið að veiðum eftir 1 ágúst; stefndi staðhæfir að svo hafi verið og símskeyti áfrýjenda 10. ág. bendir í sömu átt.

Þó að svo verði að lita á, að stefndi hefði eigi svo löglegt væri getað vísað frá sér afla May eftir 1. ág. og að tilkynning hans þar að lútandi í skeytinu 2 ág. til áfrýjenda því hafi verið heimildarlaus, þá varð engin reynd á því, að stefndi héldi þessu til streitu eftir að hann hafði meðtekið skeyti áfrýjenda 10. ág., en eftir því mátti hann búast við að honum yrði boðinn afli bátsins og átti þá enn kost á að taka aflann eða hafna honum, enda kveðst hann ef til vill mundu hafa keypt síldina, ef hún hefði staðið honum til boða. En þar sem engin framkvæmd varð á ráðstöfunum þeim, sem stefnda voru boðaðar í niðurlagi skeytisins, veður að [skilja það svo, að áfrýjendur hafi sleppt eða að þeir hafi misst allar kröfur sínar á hendur stefnda um kaup á umgetnum afla af May.

Það þykir þannig eigi vera fært að samþykkja þennan lið skaðabótakröfunnar, og verður krafa áfrýjenda um bætur hjá stefnda fyrir aflatjón alls kr. 16640.00 þá eigi tekin til greina að neinu leyti.

Yfirdómurinn fellst á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað og ber því að staðfesta hann í öllum greinum.

Það þykir eftir þessum úrslitum málsins rétt, að áfrýjendur greiði stefnda einn fyrir alla og allir

fyrir einn málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómnum skal óraskað. Áfrýjendur Holger Debel, Jón Laxdal og Loftur Loftsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnda Th. Thorsteinson 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 19. maí 1919.

Nr. 74/1918:

Ólafur J. Hvanndal
gegn
Sigfúsi J. Johnsen fyrir hönd
Boga Brynjólfssonar
vegna N. C. Monberg.

D ó m u r:

Mál þetta var í héraði höfðað af hálfu stefnda N. C. Monberg gegn áfrýjanda Ólafi J. Hvanndal til greiðslu á leigugjaldi fyrir járnbrautarvagn (Loco-